

Ef hegðun er ábótavant

Ef kennari metur hegðun nemanda ábótavant í skólastarfinu og hefur áminnt nemandann án árangurs vísar hann nemanda á kennarastofu (eða annað eftir aðstæðum) og ræðir við nemandann við fyrsta tækifæri sem gefst. Leitast er við að leiða nemandanum fyrir sjónir hvað það var sem var óásættanlegt og varð til þess að það þurfti að ræða við hann utan kennslustofunnar. Nemandanum er jafnframt gefinn kostur á að segja sína hlið á málinu. Leitast er við að ljúka málinu á uppbyggjandi hátt. Umsjónarkennari og skólastjóri eru upplýstir um málið og umsjónarkennari/skólastjóri hefur samband við foreldra nemandans í síma eða upplýsingar veittar í gegnum Námfús.

Við alvarlegum hegðunarbrotum er nemanda umsvifalaust vísað í vital við skólastjóra. Tímabundin brottvikning tekur við meðan úrvinnsla málsins fer fram innan skólans og foreldrar/forráðamenn upplýstir eins fljótt og auðið er og er gefið tækifæri til þess að tjá sig um gang mála.

Að öðrum kosti er vísað í þær verklagsreglur (-ferli) um hegðunarvanda, ástundunarvanda, vímuefnavanda og samskiptaerfiðleika sem Menntasvið Reykjavíkurborgar hefur kynnt fyrir skólastjórnendum.